

Miðvikudaginn 20. apríl 1921.

Nr. 8/1921.

Gunnlaugur Kristmundsson

(E. Claessen)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sig. Lýðsson),

um skilning ákvæðisins um stundarsakir í lögum nr. 75/1919 og aldursuppbót barnakennara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. mars 1921: Stefnandanum í máli þessu, Gunnlangi Kristmundssyni, ber úr ríkissjóði Íslands kr. 2410,67

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ákvæðinu um stundarsakir í lögum nr. 75, 28. nóvbr. 1919, samanbornu við 9. gr. laganna, áttu að eins þeir kennarar, er ráðnir voru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu skólaárið 1919—1920, störfuðu fulla 6 mánuði og kendu 30 stundir á viku, kröfu til fullra launa samkvæmt nefndum lögum. Þar sem stefndi hefir samþykkt að greiða áfrýjanda laun samkvæmt lögum þessum, þótt hann að eins kendi 26 stundir á viku þetta skólaár, þá verður þegar af þeirri ástæðu að telja það rjett, enda í samræmi við 9 gr. laganna, að ákveða launin ²⁵/₃₀ hluta af venjulegum árslaunum og reikna einnig dýrtíðaruppbótina eftir því.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í forsendum hins áfrýjanda dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður einnig að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi Gunnlaugur Kristmundsson greiði fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sátttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. júní f. á. af Gunnlaugi Kristmundssyni, kennara við barnaskólann í Hafnarfjarðarkaupstað, gegn fjálmálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni f. h. rikissjóðs Íslands, til greiðslu á þeim hluta launa stefnanda fyrir skólaárið 1919—1920, sem greiðast á úr rikissjóði, svo og dýrtíðaruppbót fyrir tímabilið frá 1. janúar f. á. til loka skólaársins að upphæð samtals kr. 3351,00 og sundurliðar hann kröfu sína á þessa leið:

1. $\frac{1}{3}$ af 1875 króna launum	kr. 625,00
2. Launaviðbót eftir þjónustuldri	— 800,00
3. Dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni 1875 krónum og af launaviðbótinni 800 krónum, eða af samtals 2675 krónum frá $\frac{1}{4}$ f. á. til loka skólaársins, að $\frac{9}{15}$, eða af 1605 krónum 120%	— 1926,00
	kr. 3351,00

Svo krefst stefnandi og 6% ársvaxta af þessari upphæð frá sáttakærudegi 4 júní f. á til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur telur að af launum og dýrtíðaruppbót stefnanda fyrir umrætt skólaár úr rikissjóði hafi $\frac{1}{4}$ (fyrir mánuðina október til desember 1919) fallið til útborgunar á árinu 1919, en $\frac{3}{4}$ á árinu 1920; er því ekki mótmælt af stefnanda.

Þá telur stefndur að draga verði frá launum stefnanda umrætt skólaár, er átt hefði að vera 1875 krónur eftir þeim tíma, sem skólinn stóð, ef hann hefði kent 30 stundir á viku, $\frac{4}{30}$ hluta af þeirri ástæðu, að hann hefði ekki kent nema 26 stundir á viku og verði ársláunin að aldursviðbótinni fráskilinni því aðeins 1625 krónur.

Loks telur stefndur að stefnanda beri ekki nema 200 krónur í aldursuppbót.

Málspartarnir eru sammála um það, að ríkissjóði beri að greiða $\frac{1}{3}$ af laununum sjálfum.

Aldursuppbótin og $\frac{1}{3}$ af laununum, eins og stefndur telur það, er því samtals kr. 741,67, en upphæð sú, er dýrtíðaruppbótin telst af, 1825 krónur. Dýrtíðaruppbótin var 88% af þeim fjórðungi, sem í gjalddaga fjell 1919, en 120% af $\frac{3}{4}$ hlutunum, sem í gjalddaga fjell 1920. Sundurliðast upphæð sú, sem stefnanda ber eftir skilningi stefnds á lögunum um skipun barnakennara og laun þeirra nr. 75, 28. nóvember 1919, því, eins og hjer segir:

Árið 1919 fjell í gjalddaga:

1. $\frac{1}{4}$ af kr. 741,67	kr. 185,42
2. 88% af $\frac{1}{4}$ af 1825 krónum	— 401,50

Árið 1920 fjell í gjalddaga:

3. $\frac{3}{4}$ af kr. 741,67	— 556,25
4. 120% af $\frac{3}{4}$ af 1825 krónum	— 1642,50

Af þessum samtals kr. 2785,67

hefir stefndur greitt — 375,00

og er því ekki mótmælt af stefnanda. Það eru því kr. 2410,67 sem stefndur viðurkennir að stefnanda beri úr ríkissjóði. Þessi upphæð hefir stefnanda staðið til boða gegn fullnaðarkvittun, en hann ekki viljað þiggja, heldur höfðað mál þetta og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefndur hefir hinsvegar krafist að stefnanda verði ekki til-dæmd hærri upphæð úr ríkissjóði en kr. 2410,67, en vaxtalaust, þar sem honum hafi staðið upphæðin til boða án þess til máls þyrfti að koma. Svo hefir stefndur og krafist málskostnaðar að skaðlausu hjá stefnanda.

Upphæð sú, er málspartana greinir á um, er því kr. 3351,00 ÷ 2410,67 = 940,33, og stafar mismunurinn af því, að þeir telja hvor á sinn veg aldursuppbót og hin föstu laun stefnanda, og þar af leiðandi dýrtíðaruppbótina, sem ekki er ágreiningur um hvernig telja skuli eða greiða að öðru leyti.

Stefnandi hefir verið fastur kennari í 8 ár við barnaskóla utan kaupstaða í Gullbringusýslu og í 5 ár við barnaskólann í Hafnarfirði. Þar sem hann umrætt skólaár var fastur kennari við barnaskólann í Hafnarfjarðarkaupstað, telur hann sig hafa átt rjett á að fá 800 krónur í launaviðbót eftir þjónustualdri eftir a.-lið 12. gr. laganna um skipun barnakennara og laun þeirra.

Heldur hann því fram, að orðið „þjónustualdur“ þýði í lagamálinu, sjerstaklega þá er um eftirlaunarjett er að ræða, öll þau ár, sem starfsmaður ríkisins hefir starfað í embætti, sem eftirlaunarjettur er lagður, og þá merkingu hafi það í 12. gr. framangreindra laga. Skifti það því ekki máli í hverjum hinna þriggja kennaraflokka, sem ræðir um í greininni, stefnandi hafi starfað, því aldursuppoótin eigi að teljast eftir árafjöldanum, sem hann hafi starfað sem fastur kennari og miðast við stöðu þá (kaupstaðarskólakennarastöðu), sem hann var í, er lögin komu fyrst til framkvæmda.

Af hálfu stefnds er því hinsvegar haldið fram, að þar sem kennurum sje í 12. gr. barnaskólakennaralaganna skift í 3 flokka að því er launaviðbót eftir þjónustualdri snertir, og viðbótin sje mismunandi í flokkunum, verði að skilja orðið „þjónustualdur“ í byrjun greinarinnar, sem starfstíma í stöðu í ákveðnum kennaraflokki, þannig að stefnandi geti ekki átt kröfu til hærri aldursviðbótar en samsvari árafjölda þeim, er hann hefir starfað í flokki kaupstaðarskólakennara, en eftir honum eigi stefnandi ekki kröfu til launaviðbótar fyrir nema eitt hækkunartímabil eða 200 kr. Skýringu stefnanda á orðinu „þjónustualdur“ er mótmælt af hálfu stefnds, og á það rjettilega bent, að í tilvitnunum þeim í lög, þessum skilningi til staðfestu, sem stefnandi tilfærir, sje jafnaðarlegast sjerstök útskýring á þýðingu orðsins í því sambandi, sem það er notað. Þá telur stefndur og liggja nær, að skýra ákvæði barnaskólakennaralaganna um aldursviðbót svo, að þau verði í samræmi við ákvæði laganna um laun embættismanna nr. 71. frá 28. nóvember 1919 um sama efni, en í samræmi við lög um svo óskylt efni sem eftirlaun.

Á þessa röksemdafærslu stefnds verður rjetturinn að fallast. Skýring stefnds á orðinu „þjónustualdur“ í 12. gr. barnaskólakennaralaganna liggur eins nærri og skýring stefnanda, og það er ekkert sem bendir til þess, að löggjafinn hafi viljað veita barnakenourum greiðvari aðgang að því að fá launaviðbót eftir þjónustualdri en embættismönnum ríkisins, þótt embættismannalaunalögin sjeu skýrari í þessu efni en barnaskólakennaralögin; þvert á móti verður það að teljast svo ósennilegt, að slíkt yrði að vera gefið ótvírætt til kynna í lögnum. Lögin eru bæði samþykkt af Alþingi sama árið og staðfest af konungi sama dag. Nú er það ótvírætt eftir embættismannalaunalögnum, að til þess að embættismaður, sem hefir færst milli embætta, geti

lagt saman þjónustuar sín til aldurslaunaviðbótar, verður embætti það, sem hann fer úr, ekki aðeins að hafa verið í sömu stjórnargrein og hitt, er hann flyst í (þ: embættin samkynja) heldur verða embættin og að vera jöfn að launum. Þar sem kaupstaðarskólakennarastöður eru hærra launaðar en barnaskólakennarastöður utan kaupstaða, getur stefnandi því eigi að álitu rjettarins fengið aldursviðbót, sem kaupstaðarskólakennari fyrir þau árin, sem hann hefir kent utan Hafnarfjarðar, og á því ekki kröfu til hærri aldursviðbótar en 200 króna, enda fjekest Alþingi 1920 ekki til að fallast á að skilningur stefnanda á hinu umrædda ákvæði barnakennaralaganna væri rjettur, þótt þess væri leitað.

Frá kröfu stefnanda verður því að draga 600 krónur, sem oftalda launaviðbót eftir þjónustualdri ásamt dýrtíðaruppbót af þeirri upphæð (88 % af kr. 150,00 + 120 % af kr. 450,00) sem nemur 672 krónum, eða samtals kr. 1372,00, en það er hærri upphæð en sú, sem ágreiningur er um í málinu, þótt laun stefnanda, að frádreginni launaviðbót eftir þjónustualdri, sjeu talin eins og hann telur þau sjálfur. Hefir það því enga þýðingu fyrir úrslit málsins, hvor málspartanna telur þau rjettar, þar sem dæma verður stefndan til að greiða upphæð þá, sem hann hefir boðið fram, og verður því ekki út í það farið hjer.

Þar sem stefnanda hefir staðið til boða upphæð sú, er rjetturinn telur hann eiga, verða honum ekki dæmdir vextir af henni. Þar sem greiðsla hennar hinsvegar var því skilyrði bundin, að stefnandi gæfi fullnaðarkvittun fyrir henni, og hefði þá útilokað sig frá að bera ágreininginn milli málspartanna undir úrlausn dómstólanna, þykir rjett að málskostnaður í máli þessu falli niður